

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 130/1991. **Hrafnkell Ásgeirsson**

gegn

**Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,
innheimtumanni rikissjóðs í Hafnarfirði,
Kreditkortum hf.,
Einari Friðþjófssyni,
Árvakri hf. og
Tryggingastofnun ríkisins.**

Þingfestingu synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1991. Áfrýjað er synjun uppboðsréttar Hafnarfjarðar 22. mars 1991 á uppkvaðningu úrskurðar í uppboðsréttarmáli varðandi Miðvang 5 þar í bæ.

Er mál þetta skyldi þingfesta 3. maí 1991, kom fram krafa stefnda Sparisjóðs Hafnarfjarðar um, að málið yrði ekki þingfest. Af hálfu sparisjóðsins er krafist ómakslauna úr hendi þingfestingar-beiðanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 3. maí sl., hefur þingfestingu máls þessa ekki verið mótmælt.

Mótmæli sín styður stefndi Sparisjóður Hafnarfjarðar þeim rök-um, að ekki verði „skotið til Hæstaréttar öðru en dómsathöfnum, sbr. t.d. 18. gr. laga nr. 75/1973“.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sætir hin áfrýjaða synjun uppboðsréttar kæru, sem lýsa bar innan þess frests, sem greinir í 22. gr. laganna. Mál þetta verður því ekki þingfest, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, ómakslaun, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta verður ekki þingfest.

Hrafnkell Ásgeirsson greiði stefnda Sparisjóði Hafnarfjarðar 7000 krónur í ómakslaun.
